



## Félags- og menningarmálanefnd - 15.11.2016

---

10. fundur

15. nóvember 2016, kl. 15:00-17:00

Fundarstaður: Jarðböðin

---

### Fundarmenn:

Elísabet Sigurðardóttir, form. (fundarr.)

Sigurður Böðvarsson

Jóhanna Njálisdóttir

Dagbjört Bjarnadóttir

Ólafur Þróstur Stefánsson

### Starfsmenn:

### Dagskrá:

1. *Mývatnsstofa – styrkbeiðni*
2. *Skýrsla um þjónustu við eldri íbúa í Skútustaðahreppi*
3. *Ljósmyndasafn séra Arnar*
4. *Skjólbrekka – íbúafundur*

#### 1. Mývatnsstofa - styrkbeiðni

Nefndin metur mikils þá vinnu sem Mývatnsstofa hefur lagt í að vekja athygli á menningarviðburðum í sveitinni á aðventunni. Aðventudagatalið gerir menningarviðburðum sem tengjast t.d. jólasveinunum, gömlum hefðum o.fl. hátt undir höfði og hvetur bæði heimamenn og aðkomufólk til að taka þátt í þeim. Í ljósi þess að enn er óráðstafað úr sjóði vegna styrkja til menningar og lista þá leggur nefndin til að samþykkja styrkbeiðnina.

## 2. Skýrsla um þjónustu við eldri íbúa í Skútustaðahreppi

Nefndin fagnar skýrslunni og þessari samantekt á málefnum eldri borgara. Hafa þarf í huga við lestur skýrslunnar að þátttakendur gerðu ekki greinarmun á heimaþjónustu (ábyrgð sveitarfélagsins) og heimahjúkrun (ábyrgð ríkisins). Miklar umræður fara fram um skýrsluna og ýmsar hugmyndir ræddar. Við höfum kjöraðstæður til að veita góða þjónustu í heimabyggð og við ættum að efla það. Meðal annars er mikilvægt að koma til móts við fólk og hjálpa því við að efla hreyfingu. Einnig er mikilvægt að hafa samráð og vera í samstarfi við heilsugæsluna. Það þarf að ákvarða hvaða þættir eru rauðu þræðimir í þjónustu við eldri íbúa sveitarfélagsins og koma til móts við þá.

Nefndarmenn minnir að fyrr á þessu ári hafi verið uppi hugmyndir um að bjóða upp á akstur niður í Laugar til að komast í sund. Ákveðið að kanna stöðuna á því máli.

## 3. Ljósmyndasafn séra Arnar

Dagbjört hefur átt samtöl við afkomendur Arnar Friðrikssonar um ljósmyndir sem hann tók í Mývatnssveit fyrr á árum. Hún leggur til að nefndin, í samstarfi við Menningarfélagið Gjallanda, beiti sér fyrir því að það verði dagskrá í minningu sr. Arnar t.d. um næstu páska. Ákveðið að hafa samband við Gjallanda og vinna að því í kjölfar þessa fundar.

## 4. Skjólbrekka - íbúafundur

Stefnt var að því að halda íbúafund um málefni Skjólbrekku í nóvember en í ljósi þess hve stuttur tími er til stefnu er ákveðið að halda hann í janúar í staðinn. Hugmyndin er að senda út auglýsingu með góðum fyrirvara til að íbúar geti undibúið sig. Stefnt er að því að fá utanaðkomandi stjórnendur en ekkert hefur verið skoðað varðandi það. Ákveðið að hafa samband við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og kanna möguleika á að fá þau til að stjórna fundinum.

Fundi slitið kl. 17:00.

Elisabet Sigurdard.  
Jóhanna Gátadóttir  
Ólafur Þróstur S.S.  
Dagbjört Björnsdóttir  
Sigrún